

**Fundargerð stjórnar BÍS 16/2016, miðvikudaginn 31. ágúst 2016 kl. 17:30  
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

## Mættir:

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Bragi Björnsson skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Tryggvi Bragason úr dagskráráði sat fundinn í fjarveru Unu Guðlaugar.

**Fjarverandi:** Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskráráðs.

## Dagskrá:

### 1) Setning

Bragi Björnsson skátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna.

### 2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 3) Yfirlit stjórnarmanna: Frestað til næsta fundar.

### 4) Meginviðfangsefni 1:

#### a. StartUp! 7. september.

**Kynningar ráða:** Hvert ráð kynnir á 5 mín eða skemur, verkefni ráðsins á einni glæru og á annarri glæru ef algerlega ný verkefni eru á dagskrá vetrarins. Stjórn með stutta upprifjun á stefnumótun og helstu atriðum af starfsáætlun sem ekki koma fram í kynningum ráða.

**Þverfaglegir fundir:** Ráðin hitta önnur ráð til að ræða sameiginleg verkefni ofl.

**Vinnufundir ráða:** Hvert ráð vinnur að sínum verkefnum fyrir sig.

**Samantekt:** Stutt yfirferð yfir startuppið, helstu verkefni framundan.

## Fundardagskrá:

17:30 Fundur hefst með léttum veitingum og glensi (sá: biðja alla að senda af sér mynd)

Kynningar ráða á nýjungum (5 mín per ráð)

19:00 Stutt hlé (kaffi, ávexti, nammi, grænmeti, kex)

19:15 Þverfaglegir fundir

(FFS teiknar upp möguleika, óskir: ungm+uppl, alþj+dagsk, fræ+dagsk)

Vinnufundir ráða - hvert ráð fyrir sig fundar þegar þverfaglegum fundum er lokið

21:30 Samantekt

22:00 Fundi slitið (ísterta)

### 5) Meginviðfangsefni 2:

- a. **World Scout Moot.** Hrönn Pétursdóttir og Jón Ingvar Bragason komu og fóru yfir stöðuna. Þau sendu nýverið kynningarbréf um stöðuna til stjórnar. Það er enn svolítill óvissa um fjölda þátttakenda. Rútuferðir hafa áhrif á dagskrá, samningar við hin ýmsu fyrirtæki eru í gangi og langt komnar. Rútur verða gjörnýttar þá daga sem ferðir og flutningar standa yfir. Moot þarf um 20 skóla fyrir gistingu í Reykjavík og samningar um það

eru að mestu frágengnir. 42 skátar frá 22 löndum mættu á fararstjórafund sem haldinn var á Úlfliótsvatni á sama tíma og landsmót var haldið. Þeir voru mjög ánægðir með heimsóknina. 42 lönd voru búin að ákveða fararstjóra seinni hluta ágúst en fleiri eru í farvatninu. Mörg lönd eru búin að fylla sín pláss á landsmótið. Ástralir, Hong Kong, Sviss, Pólverjar og fleiri eru búnir að skrá mun fleiri þátttakendur en þeir áætluðu í upphafi. Um 40 milljónir eru nú þegar komnar inn af þátttökugjöldum. Hlutfall af D-löndum (dýrustu löndin) hefur aukist. Viðmið í undirbúningi eru 4.000 þátttakendur og útlit fyrir að þátttaka náist upp í hámarkið sem er 5.000 og 1.000 í staff. Margir Íslendingar hafa sýnt því áhuga að vera sjálfboðaliðar á Moot, það verður væntanlega í kringum áramót sem starfslýsingar og hverjir verða sviðsstjórar/liðstjórar liggur fyrir. Fjölskyldubúðir verða í lágmarki og aðgangur að sjálfu Mootsvæðinu verður takmarkaður, börn fá t.d. ekki aðgang. Frá og með september verða fimm aðilar í starfi fyrir Moot, tveir franskir sjálfboðaliðar koma um miðjan september. Nýr verkefnastjóri kemur til starfa í næstu viku, Linda kemur formlega inn í fullt starf fyrir Moot og Jón Ingvar er framkvæmdastjóri Moot. Ráðgjafar (advisors) íslenskir og erlendir verða fengnir til starfa, þátttakendur skiptast niður í fjóra flokkar sem gera eina sveit og ráðgjafar verða þessum sveitum til aðstoðar, einskona mentorar. Evrópskur styrkur fékkst fyrir mörgum sjálfboðaliðum frá löndum sem af fjárhagsástæðum ná ekki að senda sjálfboðaliða. Fleira ungt fólk er að koma inn í undirbúningsteymi Moot. Formleg skráning Íslendinga á mótið hefst í október. Nordic input weekend tókst mjög vel og skilaði áhugasömum ungum skátum inn í starfið, við fengum evrópskan styrk til að halda eftirmót í október/nóvember. Við fengum stóran erasmus+ styrk fyrir 120 IST á mótið (erasmus+ large scale event). Styrkjaöflun stefnir nú í 99 milljónir alls. Eitthvað af styrkjunum munu skilja eftir uppbyggingu á Úlfliótsvatni (t.d víkingaþorp/víkingakaffi fyrir norrænan styrk). Landsbjörgu verður boðið að senda einhverja á Moot fyrir íslenska þátttakendakvótann. Það þarf góða kynningu til að hvetja og vekja áhuga íslenskra þátttakenda til að taka þátt í Moot. Sum skátafélög áætla að styrkja sína skáta til að taka þátt og einhver gildi veita styrki.

## 6) Mál til kynningar

- a. **Félagsforingjafundur 28. ágúst sl.** Andinn á fundinum var mjög góður, fyrirkomulagið með hópvinnu og umræður var mjög vel heppnað. Almennur áhugi virtist fyrir því að halda landsmót 2018 þar sem Jamboree verður 2019. Fundarmenn kölluðu eftir skýrari ramma um starfið á svipaðan hátt og rammi er kominn fyrir forsetamerkið. Áhersla kom á að auka útivist í starfi – og benda á fjölbreytni í útivist. Setja fjölbreytta útivist í starfið frá upphafi skátastarfs, byggja upp stíganda í útivist miðað við getu hvers aldurshóps.
- b. **Sumar-Gilwell 26.-28. ágúst sl.** Fjölmennt og mjög vel heppnað Sumar-Gilwell. 29 þátttakendur luku fyrstu tveimur skrefunum frá föstudegi til sunnudags. Dagskráin var blanda af úti- og inniveru með ýmsum verkefnum og umfjöllunarefnum. Almennt mikil ánægja meðal þátttakenda og leiðbeinenda. Þessi hópur stefnir á að ljúka Gilwell í

janúar 2017. Meðalaldur var um 23 ár. Góð skráning er á 1. skref sem hefst í næsta mánuði.

- c. **BP Fellowship 29. sept.-2. okt.** Það er von á um 20 útlendingum og verið að leggja lokahönd á dagskrána. Þetta er VIP hópur og stjórn er boðið að koma austur á Úlfljótsvatn laugardaginn 1. október í mat. Bragi sendir dagskrá til stjórnar þegar nær dregur en ekki er þörf á almennri þátttöku stjórnar í viðburðinum.

## 7) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- a. Endurskoðun og endurútgáfa á bæklingnum „Kjarni skátastarfs“. Bæklingurinn er uppurinn og það þarf að laga/uppfæra nokkur atriði. Ólafur Proppé biður stjórnarmenn að athuga tillögur að breytingum og senda tillögur um breytingar til sín innan viku.
- b. Fulltrúi frá Íslandi í norrænan hóp um leiðtogapjálfun fullorðinna. 3ja ára samstarfsáætlun Norðurlandanna um leiðtogapjálfun fyrir helstu foringja/leiðtoga innan skátahreyfingar hvers lands. Það er mikilvægt að skoða styrkjamála – Svíar eru leiðandi fyrir verkefnið. Frestur til að svara er 15. september. Ólafur Proppé skoðar málið.

## 8) Önnur mál

- a. **Ræktun Kolviðarskóga.** Gögn varðandi Úlfljótsvatn – samþykkt í fundargerð og staðfest að stjórn feli Hermanní Sigurðssyni framkvæmdastjóra að ganga frá þessum samningi fyrir hönd stjórnar. Öll girðingarvinna, viðgerð girðinga og annar útlagður kostnaður verði á kostnað Kolviðarverkefnisins.
- b. **Bland í poka** – félagaráð sinnir þessu og ákveður í samráði við Sigríði hvaða starfsmaður Skátamiðstöðvarinnar sinnir verkefninu.
- c. **Nýr þjónustufulltrúi Skátamiðstöðvarinnar** Salka Guðmundsdóttir hefur störf sem þjónustufulltrúi þann 1. september nk.
- d. **Fundarboð í Þriðjudagspósti.** Markmiðið er að vera gegnsæ og upplýst í félagsstarfi. Verður afgreitt á næsta fundi.
- e. **Nýtt félagatal.** Nóri – félagatal verður tekið upp um þessi mánaðamót.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20:15. Fundargerð ritaði SÁ

Dags	Heiti viðburðar
ág/sept	Kajaknámskeið Úlfjótsvatni
3	Norræna samstarfsnefndin í skátastarfi (formenn alþjóðaráðanna++) og norrænn skátahöfðingjafundur
3	FOSE móttaka - friends of scouting in europe
4	Handleiðslukvöld dagskráráðs
7.	Startup!
9-11	Arctic Pepp á Akureyri
10	Skátastarf 101 á Akureyri - fræðsla
12	Skilafrestur forsetamerkis
12.	Endurfundir skáta
14.-18.	Finnlandsferð alþjóðaráðs
17.-18.	Útinámsráðstefna Úlfjótsvatns
19.	Fræðslukvöld BÍS - hvatakerfið
24	Afhending Forsetamerkis
24.-25.	Gilwell - 5. skref
sept/okt	Lokahóf landsmóts?
29. sept.- 2. okt.	BP Fellowship - heimsókn vegna Moot. VIP fólk
30. sept.- 2. okt.	Hautpepp leiðtogaþjálfun
1.	Gilwell 1. skref
sept/okt	Gilwell 3. skref - vettvangsnám
	Forvarnadagurinn?
7-9	Bland í poka
10	Endurfundir skáta
14-16	JOTA/JOTI
14. - 16.	Forandringsagenter
21-23	Rödd ungra skáta
28-30	Öræfalíf rekkaskáta